

**Sp.**

## **127. Tillaga til þingsályktunar**

[124. mál]

um eflingu rannsókna á laxastofninum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að nú þegar verði rannsóknir á laxastofninum stórefldar, vegna aukinnar sjávarveiði Færeyinga á laxi.

### **Greinargerð.**

Alkunna er að sjávarveiði Færeyinga á laxi hefur stóraukist nú síðustu árin. Færeyingar hófu laxveiðar í sjó 1968. Árleg veiði þeirra fyrsta áratuginn var að meðaltali 21 tonn. 1978 komst hún upp í 51 tonn og óx ört úr því. 1979 var hún 194 tonn, 1980 718 tonn, 1981 1027 tonn. Veiðikvótinn á síðustu vertíð var 750 tonn og umsaminn kvóti á nýbyrjaðri vertíð er 625 tonn.

**Hinar auknu laxveiðar Færeyinga hafa átt sér stað samtímis því að laxveiðar hér á landi hafa minnkað hvað tölu laxa snertir, þ. e. á árunum 1980, 1981 og 1982.** Menn hafa viljað tengja þetta tvennt saman og hafa því kennt Færeyingum um veiðirýrnunina á laxi hér á landi þessi ár. Gögn eru ekki fyrir hendi sem sanna að svo sé. Ábending um, að íslenskur lax leiti á Færeyjamið, er fyrir hendi þar sem skilað hefur verið merkjum af þremur íslenskum lögum sem veiðst hafa í og við Færeyjar. Á hinn bóginn er ekki vitað að hve miklu leyti laxinn leitar austur í haf frá Íslandi og er veiddur á Færeyjamiðum. Vitað er að laxinn okkar leitar einnig vestur fyrir Grænland og veiðist þar, en sjö íslenskum laxamerkjum hefur verið skilað frá Grænlandi. Auk þess hefur lax merktur við Vestur-Grænland veiðst í Laxá í Dölum.

Orsakir rýrnandi laxveiði hér á landi á árunum 1980, 1981 og 1982 hvað töluna snertir eru vafalaust margar. Þar ber einnig að nefna að vetrar-, vor- og sumarkuldarnir 1979 og lágur sjávarhiti fyrir Norður- og Austurlandi það ár eiga líklega sinn þátt í rýrnuninni.

Afleiðingar kuldanna 1979, sem voru einir þeir mestu frá upphafi veðurathugana hér á landi, komu fram í tregari göngu laxaseiða til sjávar sumarið 1979 en ella. Þá hafa skilyrði í sjónum vegna óvenjulegs kulda verið mjög óhagstæð fyrir seiðin. Vísbending um lélega afkomu sjógönguseiða kemur fram í því, að lítið er af eins árs laxi úr sjó (smálaxi) í veiðunum 1980 og lítið af tveggja ára laxi úr sjó í veiðunum 1981.

Orsakir veiðirýrnunar geta verið margar, eins og áður sagði, bæði heima fyrir, í hafinu og vegna veiða á fjarlægum hafsvæðum, og svo geta þær verið sambland af öllu þessu eins og helst er útlit fyrir hvað snertir veiðirýrnunina hér á landi þessi árin.

Þekking á ferðum laxins um úthafið var mjög af skornum skammti þar til laxveiðarnar við Vestur-Grænland hófust fyrir alvöru fyrir um tveim áratugum og síðar veiðar í Noregshafi og við Færeyjar. Rannsóknir á laxi við Vestur-Grænland hafa m. a. leitt í ljós að um helmingur laxins, sem þar veiðist, er upprunninn í Ameríku, en hann er að langmestu leyti frá Kanada, og hinn helmingurinn í laxalöndum Evrópu. Um uppruna laxins, sem veiðist við Færeyjar, er minna vitað með vissu. Merkingar á sjógönguseiðum í upprunalöndum laxins og merkingar á laxi veiddum og merktum á Færeyjamiðum hafa hingað til gefið til kynna að langmestur hluti laxins, sem þar veiðist, sé upprunninn í Noregi, Skotlandi og Írlandi.

Við Íslendingar bönnum laxveiði í sjó í lögum með fácinum undantekningum og er því sjávarveiði á laxi okkur andstæð. Áhugi beinist að því, að bönnuð verði sjávarveiði á laxi. **Mikilvægt er að afla vitneskju um að hve miklu leyti hann veiðist við Færeyjar og Vestur-Grænland**, en tíu merkjum af íslenskum löxum veiddum á nefndum svæðum hefur verið skilað eins og áður segir. Merkingar á sjógönguseiðum af laxi hafa farið fram hér landi samfellt í rúma þrjá áratugi, lengst af í smáum stíl. Laxaseiðamerkingar voru stórauðar á þessu ári. Um 140 þús. sjógönguseiðum var sleppt í ár og frá hafbeitarstöðvum víðs vegar um landið, þar af um helmingur á Norður- og Norðausturlandi, en ætla má að laxaseiði af þessum landshlutum gangi fremur austur í Atlantshaf. **Auk framkvæmda við merkingarnar þarf að leita að merktum löxum og taka þátt í alþjóðlegri samvinnu um gagnasöfnun og rannsóknir laxagangna.**

Þar sem löndin við norðanvert Atlantshaf austan Grænlands leggja lax til Færeyja-veiðanna virðist eðlilegt að þau kanni sameiginlega hve hvert land leggur stóran hlut til veiðanna. Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur beitt sér fyrir samvinnu um rannsóknir á laxi, sem veiðist á Norður-Atlantshafi, á hliðstæðan hátt og gert var áður vegna laxveiðanna við Vestur-Grænland. Gert er ráð fyrir að þáttökulöndin í rannsóknunum standi hvert um sig undir kostnaði við framlag sitt til rannsókna. Í desembermánuði 1981 komu saman í Þórshöfn í Færeyjum fiskifræðingar frá upprunalöndum laxins til þess að semja áætlun um rannsóknirnar sem ná bæði til gagnasöfnunar og úrvinnslu gagna. Enn fremur var verkefnum skipt milli þáttökulandanna. Ísland tekur þátt í rannsóknunum. Framlag okkar er fólgið í laxaseiðamerkingum, endurheimt merkja og gagnasöfnun um borð í færeyskum laxveiðibáti. Veiðimálastofnunin sendi rannsóknarmann til Færeyja í febrúar 1982 sem dvaldist um borð í laxabáti í þrjár vikur til gagna- og upplýsingasöfnunar.

Gert hefur verið ráð fyrir að senda skoðunarmann um borð í færeyskan laxabát snemma á árinu 1983, á sama hátt og gert var á þessu ári, og að kosta leit að laxamerkjum í Færeyjum á laxavertíðinni í vetur að hluta á móti öðrum þáttökulöndum í rannsóknunum.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að allar rannsóknir þurfi að efla. Niðurstöður laxarannsókna munu verða haldbestu rökin þegar samið er um að draga úr eða stöðva laxveiðar utan upprunalanda laxins. Því þarf að stóruka fjárframlög til þeirra rannsókna.